

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Alþingishúsið við Austurvöll

101 Reykjavík

umsagnir@althingi.is



Reykjavík 13. apríl 2026

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, lögum um Vatnajökulsþjóðgarð og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (gjaldtaka o.fl. vegna Náttúruverndarstofnunar) - 581. mál.

Samtök ferðapjónustunnar - SAF hafa tekið til umsagnar ofangreint mál. Samtökin hafa áður skilað inn [umsögn um sambærilegt frumvarp](#) á 156. löggjafarþingi. Nú liggur málið aftur fyrir Alþingi sem 581. mál á 157. löggjafarþingi. Frumvarpið er að mestu samhljóða fyrra frumvarpi en tekur jafnframt mið af breytingartillögu meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar frá fyrra þingi. Samtökin hafa farið yfir frumvarpið og hafa eftirfarandi athugasemdir:

Ferðamálasamtök og Samtök ferðapjónustunnar

Samtökin gera athugasemd við 1. gr. frumvarpsins. Þar er áfram gert ráð fyrir að fulltrúi ferðapjónustunnar eigi áheyrnaraðild að fundum svæðisstjórnar, en ekki sæti í svæðisstjórn, og að tilnefning fari sameiginlega fram af ferðamálasamtökum á starfssvæði þjóðgarðsins og Samtökum ferðapjónustunnar. Jafnframt hefur verið bætt við skýringu þess efnis að Samtök ferðapjónustunnar tilnefni staðbundinn áheyrnarfulltrúa séu ekki starfandi ferðamálasamtök á viðkomandi svæði. Að mati samtakanna er þessi viðbót jákvætt skref til skýrari framkvæmdar, en hún leysir ekki úr meginatriðum málsins.

Samtökin hafa tvær meginathugasemdir við ákvæðið.

Fyrir það fyrsta telja samtökin að ferðapjónustan eigi að hafa sama hlutverk í svæðisstjórn og náttúru- og umhverfisverndarsamtök og útivistarsamtök. Ferðapjónustan er sú atvinnugrein sem nýtir landsvæði innan þjóðgarða hvað mest í starfsemi sinni. Atvinnugreinin hefur því verulega og beina hagsmuni af því hvernig svæði innan þjóðgarða eru skipulögð og nýtt, hvernig aðgengi atvinnufyrirtækja er að svæðunum og hvernig samskiptum fyrirtækja og stjórnvalda á svæðunum er háttað. Því er mikilvægt að ferðapjónustunni sé gert að minnsta kosti jafn hátt undir höfði í stjórnsýslu þjóðgarða og náttúru- og umhverfisverndarsamtökum og útivistarsamtökum.

Í öðru lagi telja samtökin áfram rétt að fella brott úr lagatexta tilvísun til „ferðamálasamtaka á starfssvæði þjóðgarðsins“. Þótt frumvarpið kveði nú skýrar á um að Samtök ferðapjónustunnar tilnefni staðbundinn áheyrnarfulltrúa ef slík samtök eru ekki starfandi, stendur eftir að orðalagið vísar til skipulags ferðapjónustunnar sem er ekki lengur samræmt á landsvísu.

Ferðamálasamtök Íslands voru lögð niður árið 2016 og því er ekki sjálfgefið að starfandi séu ferðamálasamtök á öllum viðkomandi svæðum, né að slík samtök endurspegli með fullnægjandi hætti breidd ferðaþjónustunnar á hverju svæði. Samtök ferðaþjónustunnar eru heildarsamtök ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi, með aðildarfyrirtæki um land allt og víðtæka reynslu af samskiptum við þjóðgarða, stjórnvöld og stoðkerfi greinarinnar. Samtökin eru því vel í stakk búin til að tilnefna fulltrúa með staðþekkingu og reynslu, í samráði við fyrirtæki og hagaðila á viðkomandi svæði.

Sama sjónarmið á við um önnur lagaákvæði þar sem vísað er með almennum hætti til ferðaþjónustusamtaka eða staðbundinna ferðamálasamtaka. Að mati samtakanna er eðlilegt að löggjafinn nýti þetta tækifæri til að samræma orðalag og vísa í þessum tilvikum til heildarsamtaka á sviði ferðaþjónustu eða beint til Samtaka ferðaþjónustunnar.

Með ofangreint í huga leggja samtökin til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr. frumvarpsins:

a. 4. másl. 1. gr. orðast svo: Einn fulltrúi skal tilnefndur af náttúru- og umhverfisverndarsamtökum, einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum ferðaþjónustunnar og einn fulltrúi skipaður af ráðherra án tilnefningar.

b. 5. og 6. másl. 1. gr. falla brott.

2. Á eftir 4. gr. frumvarpsins komi ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:


7. mgr. 31. gr. laganna (náttúruvernd) orðast svo: Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndarstofnunar og í samráði við heildarsamtök á sviði útivistar og ferðaþjónustu, takmarkað eða bannað akstur á jöklum og snævi þakinni jörð þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.

3. Á eftir 12. gr. frumvarpsins komi ný grein, 12. gr. a, svohljóðandi:

4. másl. 3. mgr. 4. gr. laganna (Vatnajökulsþjóðgarð) orðast svo: Einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum ferðaþjónustunnar skal eiga áheyrnaraðild að fundum stjórnar.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar